

5. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta, ef það telst óumflýjanlegt vegna breyttra aðstæðna. Skal sjóðsstjórnin hafa um það samráð við biskup þann veg, sem best samrýmist stofnun sjóðsins og tilgangi.

6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Nr. 432.

28. maí 1982.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Víkings, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 28. maí 1982.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Víkings.

Vegna fráfalls sonar okkar Jóns Gunnlaugs Sigurðssonar, sem lést af slysförum hinn 18. mars 1982, stofnum við undirrituð sjóð með eftirfarandi skipulagsskrá:

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Víkings.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 20 000,00 — krónur tuttugubúsund — er haldast skal óskert.

Sjóðinn skal ávaxta í verðtryggðum skuldabréfum ríkissjóðs eða á annan jafn tryggan hátt, samkvæmt ákvörðun sjóðsstjórnar.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru arður af stofnfé og gjafafé sem sjóðnum kann að áskotnast.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er fyrst og fremst að stuðla að því að Knattspyrnufélagið Víkingur eignist eigið íþróttahús fyrir starfsemi sína.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn. Skal einn þeirra tilnefndur af okkur undirrituðum eða afkomendum okkar, en hinir tveir skulu vera formaður Knattspyrnufélagsins Víkings og formaður handknattleiksdeildar félagsins á hverjum tíma. Stjórnarmenn kjósa formann stjórnarinnar til eins árs í senn.

6. gr.

Stjórn sjóðsins semur reikninga sjóðsins árlega og skulu þeir endurskoðaðir lögum samkvæmt og birtir í B-deild Stjórnartíðinda. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

7. gr.

Sjóðsstjórn getur, með samþykki allra stjórnarmanna, ákveðið að úthluta öllu fé sjóðsins þrátt fyrir ákvæði 2. gr.

Sjóðsstjórn getur einnig, með samþykki allra stjórnarmanna, ákveðið að veita fé úr sjóðnum í samræmi við annan tilgang en þann sem greindur er í 4. gr. Að öðru leyti ræður einfaldur meirihluti ákvörðunum sjóðsstjórnarinnar.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Nr. 433.

REIKNINGUR

Fiskveiðasjóðs Íslands.

Efnahagsreikningur 31. desember 1981.

Eignir :

1. Skuldabréf fyrir lánum út á:	
a) Fiskiskip	kr. 1 358 836 553,54
b) Hraðfrystihús	— 201 186 756,86
c) Sildar- og fiskimjölsverksmiðjur	— 24 559 822,06
d) Aðrar vinnslustöðvar	— 30 848 733,20
e) Skipasmíðastöðvar og dráttarbrautir	— 2 294 186,34
f) Ýmsar fasteignir	— 14 711 461,85
2. Skuldabréf vegna breytinga á skuldum sjávarútvegs 1975:	
a) Fiskiskip	kr. 963 275,07
b) Fasteignir	— 2 549 052,69
3. Hagræðingarlán:	— 28 670 284,15
4. Fyrirgreiðslur vegna:	
a) Skipa	kr. 3 466 418,90
b) Fasteigna	— 15 744 223,54
5. Verðbréf:	— 1 148 353,82
6. Ýmsir skuldunautar:	— 2 262 560,98
7. Ógreiddir vextir:	— 96 212 502,00
8. Bankainnstæður:	
a) Fiskveiðasjóður	kr. +39 752 918,64
b) Stofnfjársjóður	— 35 905 716,11
c) Hagræðingarsjóður	— 5 433 423,39
d) Gengisstyrkur	— 5 433 423,39
	kr. 9 532 226,75
	kr. 1 792 986 411,75

Skuldir :

1. Innlendar skuldir	kr. 15 991 995,72
2. Innlendar skuldir háðar vísitölu	— 266 301 550,64
3. Skuldir í erlendra mynt	— 500 855 302,59
4. Framlagsreikningar Seðlabanka, Landsbanka og Útvegsbanka	— 1 753 930,00
5. Skuldir við innlenda banka vegna lausaskuldalána	— 3 527 865,53
6. Skuld við Hagræðingarsjóð	— 36 616 290,04
7. Innstæður lántakenda vegna erlendra lána til skipakaupa ..	— 480 374 406,67
8. Stofnfjársjóður fiskiskipa	— 35 905 716,11